

## Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 7 september var 61. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.09. Fundinn sátu: Áslaug Inga Kristinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Hanna Björk Kristinsdóttir, Hallgrímur Eymundsson, Björgvin Björgvinsson og Þorkell Sigurlaugsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Bryndís Snæbjörnsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Tómas Ingi Adólfsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram svar skóla- og frístundasviðs, dags. 31. ágúst 2023, við fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar, dags. 16. mars 2023, um fjármagn til þjónustu vegna fatlaðra nemenda.  
  
Soffía Vagnsdóttir og Alda Árnadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði. MSS23030105
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. ágúst 2023, um að Oktavía Hrund Jóns taki sæti sem varamaður í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í stað Rannveigar Ernudóttur. MSS22060053
3. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna aðgengismála fatlaðs fólks. MSS22020153
4. Lögð eru fram drög mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gátlista um aðgengismál á viðburðum innanhúss. MSS22010199
5. Kynning á verkefnum í vinnslu hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. MSS23090017  
Frestað.

### Fundi slitið kl. 11:31

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Björgvin Björgvinsson  
Þorkell Sigurlaugsson  
Unnur Þöll Benediktsdóttir  
Hallgrímur Eymundsson

Lilja Sveinsdóttir  
Áslaug Inga Kristinsdóttir  
Hanna Björk Kristinsdóttir  
Ingólfur Már Magnússon